

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara, með síðari breytingum. (Þingskjal 225 – 206. mál).

Sendandi: Sveinn Óskar Sigurðsson, kt. 270768-5989

Virðulega efnahags- og skattanefnd, virðulegi nefndarmaður.

Á dögnum bar undirritaður sig, í gegnum tölvuskeyti, upp við Umboðsmann Alþingis vegna stjórnarfrumvarps sem efnahags- og viðskiptaráðherra mælti fyrir á Alþingi á dögnum og er á þingskjali nr. 225, mál nr. 206.

Um er að ræða stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

Með vísan í málarekstur undirritaðs og eiginkonu hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur má koma því á framfæri við efnahags- og skattanefnd að nýlega féll úrskurður í því máli þess efnis að leitað yrði álits EFTA dómstólsins varðandi gengistryggð lán sem undirritaður og eiginkona hans tóku hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum árið 2006.

Þegar hefur lögmaður stefnda, þ.e. Frjálsi fjárfestingarbankinn, upplýst lögmann okkar hjóna að úrskurður þessi verði kærður til Hæstaréttar Íslands og mun erindi þess efnis verða lagt fyrir við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Eins og að framan er getið leitaði undirritaður, með fáeinum ábendingum, eftir því að Umboðsmaður Alþingis leiðbeindi sér um hvernig væri best að koma athugasemdum á framfæri þar sem um væri að ræða stjórnarfrumvarp.

Undirritaður lagði áherslu á þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald en í því efni ætti ekki að vera tiltökumál fyrir Umboðsmann Alþingis, sem ekki tekur til afgreiðslu mál er snýr að Alþingi Íslendinga, að taka málið fyrir.

Eftir afar vinsamlegt símtal frá hr. Tryggva Gunnarssyni, umboðsmanni Alþingis þann 22. nóvember 2010 til undirritaðs, var ákveðið að biða með málið á þeim vígstöðvum. Er nú málið í kjölfar þessa lagt fram til efnahags- og skattanefndar Alþingis og leitast við að koma athugasemdum fyrst að þar varðandi framangreint frumvarp. Ef efnahags- og skattanefnd óskar eftir frekari gögnum eða upplýsingum er sjálfsagt að verða við beiðnum þar að lútandi.

MEGINEFNI ERINDIS

Málið varðar svokölluð gengistryggð lán sem voru, eins og fjármálafyrirtæki hafa ítrekað bent á, afar misjöfn að gerð og að efni. Undirritaður hefur í opinberri umræðu, t.a.m. með ítrekuðum greinarskrifum í íslensk blöð og tímarit, bent á að samið hafi verið í mörgum tilvikum um lán í erlendri mynt, gengistryggð lán þar sem hinn erlendi höfuðstóll (höfuðstóll í erlendri mynt eða myntkörfu) tekur breytingum en ekki höfuðstóll í íslenskum krónum.

Slík lán eru ekki ógn við fjármálastöðugleika og hafa ekki verið gerð óheimil með lögum enda lán í erlendri mynt sem eru gengistryggð, ekki lán í íslenskum krónum sem eru gengistryggð. Lánin, eins og fjármálastofnanir reiknuðu þau fyrst og kröfðust að yrðu viðurkennd fyrir dómi, ógnuðu fjármálastöðugleika og eðli slíkra lána í eignasafni banka og fjármálafyrirtækja ýta undir margvíslegan freistnivanda til hækkunar á efnahag þeirra. Þessi lán ógna og ógnuðu fjármálastöðugleika og færa má rök fyrir því að þau hafi valdið því hruni sem hér varð eða í besta falli gert það verra en ella hefði orðið. Því er það ekki aðeins ICESAVE sem gerði illt verra því þessi lán gerðu það ekki síður með því að liggja í bókum banka bæði rangt reiknuð og rangt færð.

Lán þau, sem dómur Hæstaréttar fjallaði um þann 16. júní 2010 og getið er í athugasemdum með framangreindu frumvarpi, voru úrskurðuð íslensk krónulán en ekki erlend lán þó samið hafi verið um slíkt og efni skuldabréfanna hafi borið það með sér. Hverju sætir í þessu efni skal ósagt látið en allt bendir til þess að þeir aðilar sem þessi mál vörðuðu töldu sínum hagsmunum betur borgið með þeim málflutningi sem þar var hafður uppi.

Undirritaður er með mál í farvegi hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, eins og að framan greinir, og er málatilbúnaður með öðrum hætti en sá sem lagði upp þann dóm sem að framan greinir og féll við Hæstarétt 16. júní 2010 og síðari dóm sem féll 16. september í ár.

Í máli undirritaðs og eiginkonu hans eru aðilar máls ásáttir um, samkvæmt greinargerðum beggja, að um lán í erlendri mynt sé að ræða og fjallað er um þau atriði í aðal málsástæðum aðila. Hins vegar greinir aðilum á um gengistrygginguna og útreikninga en fjármálastofnunin, sem er sá stefndi í málinu, taldi gengistrygginguna vera þannig reiknaða sem Hæstiréttur hefur nú dæmt ólögmeta með dómi frá því 16. júní 2010. Það að gera slíkri fjármálastofnun hærra undir höfði gegn betri rétti undirritaðs með lögum stefnir réttindum undirritaðs og fjölskyldu hans í voða.

FORSAGA

Undirritaður hefur gert efnahags- og viðskiptaráðuneytinu grein fyrir þessum útreikningum undirritaðs á fundum í ráðuneytinu fyrir margt löngu síðan og einnig starfsmönnum Seðlabanka Íslands á fundum í bankanum sjálfum að þeirra beiðni.

Að auki hefur undirritaður undir höndum erindi frá Seðlabanka Íslands þar sem hann staðfestir að almennur skilningur bankans hafi verið að lán þessi hafi verið færð í stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands eins og um gengistryggð lán hafi verið að ræða í íslenskum krónum og þegar hafa verið dæmd ólögmet.

Þetta vekur furðu þar sem bankinn sjálfur átti fulltrúa í nefnd þeirri, sem þáverandi viðskiptaráðherra skipaði til að endurskoða vaxtalög á Íslandi á árunum 2000 til 2001. Komst nefndin að þeirri ótvíræðu niðurstöðu að heimila ekki þá gengistryggingu sem Seðlabanki Íslands síðan gerði ekki athugasemd við þegar hann tók á móti gjaldeyrisjöfnunarskýrslum banka á árabílinu frá gildistöku laganna til hrunsins í árslok 2008.

Með þessu má færa gild rök því að Seðlabanki Íslands hefur á þessu tímabili skráð stöðu efnahags viðkomandi fjármálastofnunnar í stórgreiðslukerfi bankans og þar með bankakerfisins alls með röngum hætti. Eins og fram hefur komið er ljóst að þetta hefur sýnt stærri efnahag fjármálakerfisins en efni stóðu til og varpað fram röngum forsendum sem og væntinum fyrir erlend matsfyrirtæki og kröfuhafa íslenskra banka. Sömu upplýsingar ýttu ekki síður undir rangar ákvarðanir á Íslandi og í hagkerfinu í heild. Slíkt á við bæði íslensk heimili og fyrirtæki.

STJÓRNARFRUMVARPIÐ

Lögð er áhersla á að heiti framangreinds frumvarps bendir til þess að skilningur framkvæmdavaldsins og nafngift þess, sem leggur frumvarpið fram einhliða á Alþingi Íslendinga, er í besta falli villandi. Sama má um efni þessa frumvarps segja.

Undirritaður telur fullvíst að fremur væri um að ræða að verið sé að færa fjármálakerfinu fjármuni frá almenningi en almenningi fjármuni frá fjármálakerfinu. Ráðherrar í Ríkisstjórn Íslands hafa haldið hinu síðara ítrekað fram án gildra raka eða skýringa. Gæti þar komið til röng eða villandi ráðgjöf til ráðherra sem ekki er nýlunda hér á Íslandi, a.m.k. ekki á síðustu árum fyrir hrun. Því má telja að þar sé eignarrétti almennings, þ.e. viðskiptavina fjármálastofnanna, ógnað ekkert síður en fjármálastofnanna. Veldur sá er á heldur.

Ekki skal fullyrt í hvaða málum hallar á hvorn aðilann en í það fæst ekki fullnægjandi úrlausn nema fyrir dómstólum landsins eða fyrir atbeina EFTA dómstólsins eða mannréttindadómstóla. Ekki fæst úrlausn þessara mála með lagasetningu sem byggist á óbreyttu frumvarpi sem hér er til umfjöllunnar og tekur til þorra lána í bókum fjármálafyrirtækja á Íslandi í dag.

Því síður á þetta við þegar frumvarp sem hér um ræðir er smíðað af þeim aðilum sem þátt tóku í að byggja upp bankakerfið í dag og stóðu í stafni á dýrum knerri sem náði ekki til hafnar og steytti á skerri í árslok 2008.

Færa má gild rök fyrir að bankakerfið hafi ekki réttmætar eignarheimildir á þeim kröfum að þeirri fjárhæð sem þeir telja sér nú til eigna. Óskir eftir skaðleysisyfirlýsingum gæti því verið óþörf og fremur ætti að leita slíkra yfirlýsinga hjá þorra lántakenda á Íslandi gagnvart íslenska ríkinu en að leita fanga í þessu efni hjá fjármálafyrirtækjum landsins. Sjálfsagt væri reyndar að leita til allra aðila sem málum þessum tengjast hvað þetta varðar.

ÞÁTTTAKA Í FRAMSALI MILLI BANKA

Það er ljóst að Fjármálaeftirlitið tók virkan þátt ásamt Seðlabanka Íslands og stjórnvöldum að færa og meta stöðu lánasafna fjármálastofnanna þegar þessi lánasöfn voru færð yfir í hina nýju banka með beinum eða óbeinum hætti, með beinum eða óbeinum samningum. Einnig má ljóst vera, m.a. ef miða á við nýfallinn dóm við Héraðsdóm Suðurlands í sambærilegu máli og undirritaður fjallaði um í síðustu grein sinni í Morgunblaðinu, að lán þessi voru færð yfir á virði sem ætla má að hafi verið umfram það sem samið hafi verið um í upphafi.

Undirritaður vill hér með áréttta við efnahags- og skattanefnd að gæta að réttarstöðu Ríkissjóðs og kanna hvaða bótaskyldu íslenska Ríkið, sem og þeir sem að þessu frumvarpi standa, getur bakað sér. Vísa má í því efni m.a. í að fordæmi eru fyrir því nú að Landsdómur er kallaður saman til að rétta yfir ráðherra sem sat í ríkisstjórn Íslands í máli er varðar efnahagsmál og hrun fjármálakerfisins. Er þessu erindi og þessum ábendingum einnig beint til Alþingis Íslendinga og allra þeirra opinberu aðila sem þetta erindi fá í hendur.

Sérstaklega skal bent á að frumvarp þetta segir til um að þegar það verður orðið að lögum geti það orðið afturvirk og vísað þar m.a. í dómafordæmi sbr. texta úr athugasemdum með frumvarpinu:

Bærni löggjafans til að ákveða fyrirkomulag vaxta og verðtryggingar eins og gert er í lögum nr. 38/2001 og mótar virði peningakrafna fellur almennt ekki undir ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar.

Rétt er að benda á að á fjórða áratug síðustu aldar reyndi víða á sambærileg grundvallaratriði fyrir æðstu dómstólum þegar löggjafinn hafði í alvarlegri kreppu stillt verðlagsviðmið með löggjöf og í þeim tilvikum sem löggjafinn gerði það ekki kom það í hlut dómstóla að niðurfæra samninga á grundvelli heimilda í samninga- og kröfurétti. Í dómi hæstaréttar Noregs, sbr. Rt. 1962, bls. 369, reyndi t.d. á inngríp löggjafans af þessu tagi og valdbærni hans var staðfest. Þá var í dómi Hæstaréttar í máli 5/1953 (1954, bls. 73) staðfest sú niðurstaða bæjarþings Reykjavíkur að afturvirk lagasetning væri réttlætanleg þar sem löggin væru þáttur í margþættri tilraun til að lagfæra fjárhagskerfi þjóðarinnar og koma því í fastari skorður.

Með áeggjan framkvæmdavaldsins, sem framkvæmdi alla yfirfærslu lána á hæpnum forsendum, áður en dómur Hæstaréttar féll 16. júní 2010, mál sem voru lögð upp með öðrum hætti en undirritaður leggur sitt mál upp, gæti löggjafinn verið, ef frumvarpið fer í gegnum þingið óbreytt, að leggja upp með að stíga skref gegn eignarréttarákvæði Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. 72 gr stjórnarskrárinnar.

Slíkt er válegt og ber að færa skýr rök fyrir því að vextir sem nema allt að fimmtungi af höfuðstól fjárhæða skulda á ársgrunni geti ekki talist til brota á eignarrétti þess sem skuldar, aðila sem getur ekki endurfjármagnað sig eignum sínum til varnar eða leitað annað þegar heimild er fyrir að fjármálastofnanir geti haft með sér samráð um aðgerðir. Hvar liggja þessi mörk?

Á Íslandi hefur stöðugt verið að færa eigið fé frá þeim sem taka lán svo koma megi sér upp þaki yfir höfuðið. Það er gert m.a. með verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það hefur ekki verið rakið nýlega fyrir dómi að 20% vextir, eða þá 80% vextir eftir því sem við getur átt, geta talist til eðlilegra vaxta svo vísa megi í athugasemdir sem fylgja framangreindu frumvarpi varðandi heimild löggjafans að ganga á eignarrétt ef hagsmunir hagkerfis kalla á slíkt.

Ekki hefur enn verið rekið mál gegn Seðlabanka Íslands, og þar með Ríkissjóði beint eða óbeint, varðandi vaxtaákvörðun á tímabilinu fyrir hrun hagkerfisins og skóp óverðtryggða vexti sem námu yfir 20%. Þar má ætla að ríkissjóður geti verið bótaskyldur enda ljóst að það var einhver, ef ekki Seðlabanki Íslands sem náði ekki að fylgja verðbólguþolmarkmiði sínu skv. gildandi lögum, sem braut lög á Íslandi eða tók óeðlilega áhættu m.a. með því að fjármagna íslenska banka fyrir hrun.

Verða nefndarmenn efnahags- og skattanefndar að spyrja sig þeirrar spurningar hvort eigi að vegsama þá og verðlauna sem skópu þensluna sem kom hagkerfinu í koll og olli hruni hagkerfisins þar sem peningastefna Seðlabanka Íslands miðlaðist ekki um hagkerfið. Að auki ber að líta til þess að upplýsingar þær sem lágu til grunnvallar ákvörðun íslenskra heimila og fyrirtækja voru að stórum hluta byggðar á röngum forsendum, jafnvel fölskum. Á þetta hefur verið bent í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem benti einnig á að rannsókn á sparisjóðum væri nauðsynleg. Slík úttekt hefur enn ekki farið fram.

Fremur væri skynsamlegra að leita leiða að ef þessi lagasetning er nauðsynleg fjármálakerfinu, þ.e. að lántakendur, sem eigið fé er numið frá með vöxtum sem áður hefðu líklega verið dæmdir okurvextir á Íslandi, geti fremur eignast eignarhluthlut í bönkunum gegn samningum þar um. Á þetta hefur einn þingmaður bent og er áhugaverð nálgun sem óvíst er að kröfuhafar geti undirgengist eða núverandi stjórnendur banka.

Bankakerfið þarf að öllum líkindum á eigið fé að halda en það er óþarfi af hálfu Alþingis Íslendinga að færa það beint eða óbeint í hendur kröfuhafa sem tóku áhættu af þeirri stærðargráðu sem nú er þekkt. Gott bankakerfi verður ekki byggt upp með eignatilfærslu af þessu tagi sem í framangreindu stjórnarfrumvarpi felst. Aðrar leiðir og skynsamari eru færar í fjármálum og hagfræði en að afmá eignarrétt og ganga á eignir íslenskra heimila, færa síðan þessar eignir þeirra með lögum frá heimilum (eða fyrirtækjum eftir því sem við á) beint eða óbeint til kröfuhafa bankanna í andstöðu við Stjórnarkrá Lýðveldisins Íslands.

Undirritaður vill að á Íslandi sé starfandi sterkt fjármála- og bankakerfi. Fjármála- og bankakerfi byggist hins vegar ekki upp á stöðum íslenskra heimila (og fyrirtækja eftir því sem við á) ef þær grunnstoðir verða svo færðar kröfuhöfum bankanna, sem tóku áhættu með eigendum þeirra á sínum tíma, til eignar. Slíkt yrði óeðlileg fyrirgreiðsla og líklega einnig ólöglegt niðurgreiðsla á kostnað þeirra sem sist hafa efni á því framlagi sem sótt er eftir. Frumvarp það sem nú liggur fyrir stuðlar að þessu eignaframsali illu heilli.

Bent skal m.a. á áratuga langa baráttu gyðinga og Simon Wiesenthal stofnunarinnar sem og fjölskyldna gyðinga sem teknir voru af lífi í síðari heimstyrjöldinni um að fá aftur þær eignir sem með ólöglegum aðgerðum voru af þeim teknar á stríðsárunum.

Hér er bæði átt við lausafjármuni sem og fasteignir. Á þetta er bent m.a. með vísan í athugasemdir í stjórnarfrumvarpi því sem hér er til skoðunnar. Í framangreindu stjórnarfrumvarpi er því beint til þingmanna að hugsanlega væri um lögmætari aðgerðir stjórnvalda að ræða og myndi ekki fara á skjön við 72. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands með vísan í dóma eftirstriðsáranna. Á þessum tíma, sem telst til striðsáranna og eftirstriðsáranna, hefur ávallt verið leitast við að afsalsröð fasteigna sé óslitin þó ár og aldir líði.

Telur undirritaður að með vísan m.a. í framangreint séu fleiri dómsmál tiltæk sem vernda eignarrétt á sviði evrópuréttar en sem skerða hann sbr. athugasemdir með framangreindu stjórnarfrumvarpi þar sem vísað er í fáeina dóma bæði hér á landi og í Noregi.

HLUTUR ALÞJÓÐAGJALDEYRISJÓÐSINS Á ÁRUM ÁÐUR

Ef litið er til fræðilegra úttekta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 1999 og 2001 (sjá skýrslur á www.imf.org um Ísland) er lýst ítarlega hvernig lán, sem bankarnir lánuðu gengistryggð og Seðlabankinn færði óhindrað í bækur sínar en Hæstiréttur dæmdi ólögmæt, voru sérstaklega tilgreind hættuleg fjármálastöðugleika.

Því er hart að Alþingi Íslendinga, að áeggjan ráðherra efnahags- og viðskipta, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitisins, samþykki frumvarp að lögum sem lögleiða afturvirkir lán sem stefndu fjármálastöðugleika Íslands í voða þó svo að um óverðtryggð íslensk lán væri að ræða ella aðrar tegundir lána af svipuðum toga. Ef lánin eru að einhverju leiti gerð óverðtryggð krónulán stingur slíkt einnig í stúf við það að bankarnir gátu ekki fjármagnað sig á sínum tíma í krónum og því er með þessu ýtt undir ranga hegðun og lögbrot en að komið sé í veg fyrir slíkt. Þetta kann því ekki góðri lukku að stýra.

LÁNIN

Þessi lán voru erlend gengistryggð lán þar sem höfuðstóllinn í erlendri mynt eða myntkörfu tekur breytingum, ekki höfuðstóll í krónum sem tekur breytingum. Hví? Svárið er á þá leið að annars væri því í raun um erlent óverðtryggt og ógengistryggt lán að ræða eða ígildi slíkra lána. Hvar er þá gengistryggingin og til hvers var um hana samið? Úr þessu hefur enn ekki verið skorið fyrir íslenskum dómstólum.

Lán undirritaðs og eiginkonu hans í erlendri mynt var og er gengistryggt þar sem höfuðstóll í krónum er fasti og þannig auglýsti fjármálastofnunin lánin og þannig voru þau afgreidd á haustdögum 2006.

NIÐURLAG

Ef kallað er eftir gögnum, sem undirritaður getur útvegað efnahags- og skattanefnd eða þá að nefndin afli þeirra sjálf, í tengslum við smíði frumvarps sem síðar varð að nágildandi lögum nr. 38/2001, kemur áhugaverð ábending nefndarinnar, sem samdi drög að frumvarpi þessu á sínum tíma, í ljós. Má sjá að þau drög að frumvarpinu, sem send voru ráðherra á sínum tíma frá þeirri nefnd er smíðaði þau, voru ítarlegri að athugasemdum en það frumvarp sem síðar var lagt fyrir Alþingi Íslendinga árið 2001 og varð að lögum nr. 38/2001.

Þar segir m.a. að ef leyfa ætti gengistryggingu á skuldbindingum í íslenskum krónum, sem nefndin lagðist gegn og var svo bannað með lögum, væri það álit nefndarinnar að það yrði þá aðeins á valdi Seðlabanka Íslands að gefa út vísitölu gengis sem miða ætti við. Þetta sýnir svo ekki sé um villst að nefndin á sínum tíma sagði að það væri í hendi Seðlabanka Íslands, ef víkja ætti frá lögnum í þessu efni, að gera það með sérstækum aðgerðum og með útgáfu sérstakrar vísitölu. Þetta gerði Seðlabanki Íslands aldrei og aldrei hefur slík vísitala verið gefin út á vegum bankans frá gildistöku laganna. Á þetta er bent til upplýsingar.

LOKAORÐ

Að lokum skal á það bent að þegar lög nr. 38/2001 tóku gildi voru afgreidd önnur og ekki síður mikilvægari lög sem vörðuðu Seðlabanka Íslands, sjálfstæði hans og nýja peningastefnu þar sem um var að ræða verðbólguþröskulmörkmið í stað fastgengisstefnu.

Lög nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands lýsa skýrt hverjar heimildir og skyldur bankans eru varðandi það að gæta að fjármálastöðugleika. Á þessum tíma var m.a. ráðinn sérstakur maður til þessara starfa og svið sett á laggirnar innan bankans til að gæta að fjármálastöðugleika. Því skýtur það skökku við nú, eftir að þessi lán voru bönnuð til að gæta að fjármálastöðugleika, að Alþingi Íslendinga, að áeggjan framkvæmdavaldsins og opinberra stofnanna, ætli nú að gera lánin lögmæt og afturvirk að hluta eða heild, lán í breyttu formi sem stuðluðu m.a. að því að hrunið hér á landi varð verra en hefði annars getað orðið.

Ekki má heldur gleyma því að þegar bankar fóru að lána þessi lán, þ.e. erlend gengis tryggð lán eða hrein erlend lán, gátu þeir ekki keppt lengur við Íbúðarlánasjóð við að fjármagna sig í krónum (sbr. ábendingu að framan). Var það m.a. vegna þess að Seðlabanki Íslands hafði hækkað vexti. Vextirnir áttu (og eiga almennt) að draga úr verðbólgu og slá á lánveitingar. Það gerðist ekki og því dró ekki úr verðbólgu svo nokkru næmi. Þetta hangir saman og verður að skoðast sem hluti af þeim vanda sem við Íslendingar eigum nú við að etja. Bent skal m.a. á til ábendingar á ræður eins háttvirts fyrrum þingmanns, hr. Einars Odds Kristjánssonar heitins, á Alþingi Íslendinga um haustið 2006 þegar fjárlagagerðin stóð sem hæst og voru fluttar í umræðum um fjárlög fyrir árið 2007.

Óskað er eftir því að efnahags- og skattanefnd Alþingis leggist alfarið gegn þessari lagasetningu með framangreint í huga, réttindi almennings sem eru skattgreiðendur og þeirra sem lán þessi tóku á sínum tíma. Trú undirritaðs er að sjálfstæðir dómstólar landsins geti skorið úr um þessi mál með vísan til gildandi laga og reglna án atbeina Alþingis Íslendinga.

Mosfellsbæ 23. nóvember 2010

**Með vinsemd og virðingu,
Sveinn Óskar Sigurðsson**

